Formfræði
Hustönn 2022
1. og 2. bekkur

Kennarar Ása Hlín Svavarsdóttir og Juan Ásdísar

Lýsing á kennslulotu:
1.bekkur
Unnið er með léttar æfingar í formteikningu sem er undirstaða fyrir ritun bók og tölustafa svo og frekara náms í greininni á komandi árum. Viðfangsefni haustannar er hringurinn, heill og hálfur, beina línan bæði stutt og löng, bylgjótt lína og sikk sakk lína. Leitast er við að nemendur komi auga á formin í umhverfi sínu. Búnar verða til myndir með náttúrulegum efniviði.
2.bekkur.
Upprifjun á því sem unnið var með í 1.bekk og síðan farið í flóknari form, spíral,áttuna (eilífðartáknið) og fleira. Enn eru nemendur hvattir til að koma auga á hin ýmsu form í nærumhverfi sínu.Búnar verða til myndir með náttúrulegum efniviði með ýmsum formum.

Hæfniviðmið/markmið
1.bekkur
- Að nemendur …..
- …þjálfist í að þekkja og teikna bogna línu og átti sig á því að þegar tvær bogadregnar línur eru teiknaðar hvor á móti annarri myndist hringur.
- …þjálfist í að þekkja og teikna beina línu og geti teiknað beina línu ofan frá og niður,bæði stutta og langa..
- ….að nemendur…læri að þekkja hugtökin lárétt og lóðrétt.
- …læri að teikna fimm arma stjörnu með hjálp.

2.bekkur (auk þess sem ofar er tilgreint)
- …þjálfist í að teikna flóknari form eins og spíral, áttu og fleiri.
- …bæti við sig þekkingu og færni við að teikna fleiri tegundir geometrískra forma eins og fimm, sex og átthyrninga.
- ..nái að teikna fimm arma stjörnu án hjálpar.

Kennsluaðferðir:
Þau form sem unnið er með hverju sinni, eru teiknuð í loftinu, síðan á töfluna. Nemendur herma og teikna í vinnubækur sínar. Nemendur gera formin einnig í þrívídd í leir og teikna síðan frjálsa mynd þar sem formin eru sýnileg. Í vetvangsferðum verða nemendur hvattir til að koma auga á ólík form í umhverfinu (náttúrulegu og manngerðu) og skapa listaverk úr fundnum efniviði. Æfingar verða gerðar útivið með bandi og bolta.

Efni sem notast eða stuðst við í kennslunni:
- Henri Talauw Lifandi línur og

Námsmat

- Metin verður áhugi og þátttaka í umræðum.
- Vandvirkni og úthald í að teikna formin í vinnubók.
- Hugmyndaauðgi.
- Skilningur á hugtökum
- Samskipti við samnemendur
- Samskipti við kennara og skólaliða